

Fundargerð

Föstudaginn, 16 október 2007 kom hafnarnefnd Langanesbyggðar saman til fundar að Fjarðarvegi 3, 680 Þórshöfn kl. 12.00.

Mættir: Jónas Jóhannsson, formaður, Aðalbjörn Arnarsson, Björn Ingimarsson og Steinn Karlsson.

Dagskrá.

1. Mál. Endurbætur á Norðurgarði samhliða lengingu.

Farið var yfir þær endurbætur sem fyrir liggur að verktaki fari í, samhliða framkvæmd við lengingu Norðurgarðs, um er að ræða um 100 – 150 metra langt svæði sem þarf styrkingar og endurröðunar við.

2. Mál. Lækjarlögn. Tilboð frá BJ vinnuvélum.

Hafnarstjóri lagði fram tilboð frá BJ vinnuvélum í veitingu hafnarlækjar suður fyrir garð. Fram kom að tilboðið er um 9% hærra en fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun sem unnin var 2004. heildarkostnaður, samkvæmt tilboði án vsk, mun vera kr. 1.461.725,- Hafnarstjóra falið að ganga frá samningi við BJ vinnuvélar um verkið á grundvelli fyrirbyggjandi tilboðs.

3. Önnur mál.

- Upptökubraut á Bakkafirði.
Lagfæringar hafa verið gerðar á upptökubrautinni. Ákveðið að bíða til næsta vors með ákvörðun um frekari framkvæmdir.
- Staða framkvæmda á Þórshöfn.
Framkvæmdum við Norðurgarð verður lokið um n.k. mánaðarmót. Enn ólokið, viðgerð á elsta hluta steinbryggju við löndunarkant. Samþykkt að kanna hvort verktaki við frystiklefa geti lokið verkinu þar sem dregist hefur úr hömlu að sá verktaki sem samið hafði verið við ljúki því. Hafnarverði falið að fylgja málinu eftir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.00.
Björn Ingimarsson, ritari.